





Reykjavík, 25. janúar 2024

Mávahlíð 19 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa (USK23110142)


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Ágústs Leifssonar, dags. 13. nóvember 2023, um að setja bílskúr á lóð nr. 19 við Mávahlíð, samkvæmt tillögu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Tillaga að bílskúr



Mæliblað í gildi

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Mávahlíð 19 íbúðarbyggð.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Mávahlíð 19. Vinna við hverfisskipulag fyrir Hlíðarhverfi er í gangi og er í auglýsingu sem stendur.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að byggja bílskúr á lóðinni eins og er sýnt á tillögu sem fylgdi með fyrirspurninni.

Á mæliblaði er teiknaður byggingareitur fyrir bílskúr á lóðamörkum í norðvestur hluta lóðarinnar. Í komandi hverfisskipulagi verður þessi byggingarreitur og þar með byggingarréttur fyrir bílskúr yfirfærður. Til að nýta byggingarréttinn þarf að sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
- Ef núverandi byggingarréttur fyrir bílskúrum verður ekki nýttur fyrir gildistöku hverfisskipulags í Hlíðarhverfi mun rétturinn yfirfærast í hverfisskipulag.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir, verkefnastjóri hjá hverfisskipulagi Reykjavíkur